

1990 nr. 57 16. maí**Lög um flokkun og mat á gærum og ull**

Tóku gildi 1. júlí 1990. *Breytt með* l. 144/1995 (tóku gildi 1. jan. 1996; komu til framkvæmda skv. fyrirmælum í 59. gr.), l. 73/1996 (tóku gildi 19. júní 1996), l. 140/1996 (tóku gildi 1. jan. 1997 nema 1. gr. sem tók gildi 30. des. 1996), l. 48/2002 (tóku gildi 7. maí 2002) og l. 88/2008 (tóku gildi 1. jan. 2009 nema brbák. VII sem tók gildi 21. júní 2008).

I. kafli. Um flokkun, meðferð og sölumat á gærum.*Flokkun gæra.*

■ **1. gr.** Allar gærur, sem selja á, skulu flokkaðar við mót-töku fjár í sláturhúsi. Skal flokkunin lögð til grundvallar út-reikningi á verði gæranna til einstakra framleiðenda eftir því sem sundurliðun á verðlagsgrundvelli gefur tilefni til. Við flokkun gæra skal taka tillit til ástands, eðlisgæða og litar þeirra samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.¹⁾

¹⁾ Rg. 405/1986.*Meðferð og sölumat gæra.*

■ **2. gr.** Sláturleyfishöfum er skylt að hlíta fyrirmælum gærumatsmanna um fyrirristu, fláningu, kælingu, söltun, frá-gang, geymslu og afhendingu gæra. Við afhendingu skal til-greina tölu og flokk saltaðra gæra. Gærumatsmaður skal yf-irfara gærur við móttöku þeirra í sútunarverksmiðju, meta ástand þeirra og gefa vottorð þar um. Nánari ákvæði um með-ferð, meðhöndlun og framkvæmd sölumats og gerð vottorðs skal setja í reglugerð.

II. kafli. Um flokkun, meðferð og sölumat á ull.*Mat á óþveginni ull.*

■ **3. gr.** Öll óþvegin ull, sem framleidd er í landinu og selja á, skal flokkuð og metin eftir lit og gæðum samkvæmt flokk-unar- og matsreglum sem landbúnaðarráðherra setur í reglu-gerð að fengnum tillögum ullarmatsnefndar.

□ Framleiðendur ullar skulu skila ullinni í merktum umbúð-um og er kaupanda eða umboðsaðila skylt að meta ullina sem fyrst eftir móttöku. Kaupanda er þó heimilt að meta ullina hjá framleiðanda. Framleiðanda skal send skýrsla um matið.

Mat á þveginni ull.

■ **4. gr.** Öll þvegin ull, sem selja á, skal metin af ullarmats-mönnum ef kaupandi eða seljandi óskar þess. Landbúnað-arráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um útflutning ullar.

III. kafli. Um starfsmenn við gæru- og ullarmat.*Löggilding matsmanna gæra og ullar.*

■ **5. gr.** Um löggildingun matsmanna fer eftir ákvæðum í

reglugerð og er þar heimilt að ákveða að afurðastöð og sölu-aðilar (þar með taldar sútunarverksmiðjur) skuli á sinn kostnað hafa í þjónustu sinni matsmenn til að framkvæma mat samkvæmt lögum þessum. Þá eina má skipa eða löggilda sem matsmenn er hafa góða þekkingu á gærum og ull og reynslu á öllu er varðar meðferð vörunnar og mat á þeim.

□ Afurðastöðvum og öðrum, sem selja gærur og ull, er skylt að sjá matsmönnum fyrir aðstöðu til að framkvæma matið.

Yfirmat á gærum og ull.

■ **6. gr.** Landbúnaðarráðherra skipar þriggja manna gæru-matsnefnd. Skal einn nefndarmaður tilnefndur af Landssam-bandandi sláturleyfishafa, annar af gærukaupendum og sá þriðji án tilnefningar og skal hann vera formaður nefndarinnar.

□ Landbúnaðarráðherra skipar þriggja manna ullarmats-nefnd. Skal einn tilnefndur af [Bændasamtökum Íslands],¹⁾ annar af ullarkaupendum og sá þriðji án tilnefningar og skal hann vera formaður nefndarinnar.

□ ...²⁾

□ Ágreiningi út af ullar- og gærumati er heimilt að skjóta til nefndar skv. 1. eða 2. mgr. sem fellir úrskurð innan 30 daga frá því að erindi barst nefndinni. Að öðru leyti skal hlut-verk nefndanna vera að veita fræðslu um flokkun, meðferð og framkvæmd mats á gærum og ull og er matsmönnum skylt að hlíta mati í samræmi við fyrirmæli viðkomandi nefndar.

□ [Heimilt er landbúnaðarráðherra að setja nánari ákvæði³⁾ um starfssvið gæru- og ullarmatsmanna og nefnda skv. 1. og 2. mgr.]²⁾

¹⁾ L. 73/1996, 24. gr. ²⁾ L. 48/2002, 1. gr. ³⁾ Rg. 856/2003.**IV. kafli. Ýmis ákvæði.***Kostnaður.*

■ **7. gr.** [Kostnaður af starfi gæru- og ullarmatsnefnda greiðist úr ríkissjóði en kostnað af starfi matsmanna greiða viðkomandi afurðastöðvar.]¹⁾

□ [Um gjald af sláturleyfishöfum fyrir yfirmat fer samkvæmt ákvæðum 9. gr. laga nr. 30/1966,²⁾ um meðferð, skoð-un og mat á sláturafurðum, með síðari breytingum.]³⁾

¹⁾ L. 48/2002, 2. gr. ²⁾ Nú l. 96/1997. ³⁾ L. 140/1996, 7. gr.*Refsiákvæði, gildistaka.*

■ **8. gr.** Brot á ákvæðum laga þessara og reglugerða, sem settar verða samkvæmt þeim, varða sektum nema þyngri refs-ing liggí við samkvæmt öðrum lögum. . . .¹⁾

□ Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1990. . . .

¹⁾ L. 88/2008, 233. gr.